

Opið brjef

Nr. 1.
14. júní.

er

stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 7. júlí 1915.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að Vjer samkvæmt 3. gr. stjórnarskipunarlaga 3. október 1903, um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. janúar 1874, og samkvæmt lögum 22. október 1912, um breyting á tíma þeim, er hið reglulega alþingi kemur saman, allramildilegast höfum ákveðið, að láta alþingi á Voru landi Íslandi koma saman til reglulegs fundar miðvikudaginn 7. júlí 1915.

Um leið og Vjer birtum þetta Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, bjóðum Vjer öllum þeim, sem setu eiga að hafa á tjeðu alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkurkaupstaðar, og verður þar þá sett alþingi eftir að guðsþjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Gefið á Amalíuborg, 14. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Einar Arnórsson.